

Hönnun hf
Axel Valur Birgisson
Grensásvegur 1
108 Reykjavík

2006030011
1000; 9310

Reykjavík, 28. apríl 2006

Efni: Vatnsveita á Vatnsendaheiði í Kópavogi. Ákvörðun um matsskyldu.

Vísað er til erindis Hönnunar hf., fyrir hönd Kópavogsbæjar, dags. 1. mars 2006 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt um fyrirhugaða gerð vatnsveitu á Vatnsendaheiði í Kópavogi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 2 c iv og 10 j í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álitis Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Reykjavíkur, Fornleifaverndar ríkisins, Framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Kópavogsbæ með bréfi dags. 13. mars 2006, Reykjavíkurborg með tölvupósti dags. 28. apríl 2006, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. mars 2006, Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins með bréfi dags. 17. mars 2006, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis með bréfi dags. 17. mars 2006, Skipulagsnefnd Garðabæjar með tölvupósti dags. 27. apríl og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 23. mars 2006. Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 29. mars 2005.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd

Fyrirhuguð er að bora allt að 8 vinnsluholur á Vatnsendaheiði í Kópavogi. Gert er ráð fyrir að frá hverri borholu liggi lagnir að dæluhúsi og vatnstanki sem staðsettur verði utan í hæð sunnan við borsvæðið. Heildardæling úr holunum er áætluð 100-140 l/s eða allt að 4,4 milljón m³ ári. Miðað er við um 140 l/s hámarksvatnstöku á Vatnsendaheiði og er þá gert ráð fyrir 8 borholum, 100 m djúpum með um 20 l/s meðalvatnsgæfni. Ein hola er hugsuð til vara. Holurnar þurfa að vera a.m.k. 100 m djúpar til að ná vel niður fyrir vatnsgæf skil milli grágrýtismyndana. Ekki er gert ráð fyrir slóðagerð að borholum fyrir borun, en jafna verður land og hugsanlega fylla með mól yfir jarðrask að lokinni borun. Dæla verður í hverri holu og niðurgráfin lögn frá henni að

vatnsgeymi og stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir að byggt verði steinsteyp 30 m² stöðvarhús og 100 m³ miðlunargeymir sem yrðu sambyggð og látin falla að umhverfi eins og kostur er. Hæð stöðvarhúss í frágengnu landi er áætluð um 3 m og hæð geymis um 4 m. Leggja þarf vatnslögn frá vatnsgeyminum að miðlunargeymi við Vatnsendahverfi í Kópavogi. Lagnaleiðin er um 1,7 km og fylgir að mestum hluta, utan 100-200 m kafla, núverandi slóðum og vegum sunnan Vatnsendahlíðar. Slóðir liggja að framkvæmdasvæðinu á tvo vegu og einungis þarf að leggja slóð að fyrirhuguðu stöðvarhúsi og vatnsgeymi. Framkvæmdatími er áætlaður um 1 ár. Fyrirhugað er að hefja framkvæmdir sem fyrst þegar öll tilskilin leyfi liggja fyrir.

Stækkun vatnsverndarsvæðis

Í framlögðum gögnum kemur fram að gera þarf breytingar á svæðisskipulagi vatnsverndarsvæða höfuðborgarsvæðisins frá 5. febrúar 1999 vegna fyrirhugaðrar vatnstöku á Vatnsendaheiði. Skilgreina þarf brunnsvæði þar sem fyrirhugað vatnstökusvæði er innan grannsvæðis. Samkvæmt reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 skal heilbrigðisnefnd ákvarða vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból. Í reglugerðinni er kveðið á um að brunnsvæði skuli vera algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð og framkvæmdum öðrum en þeim sem nauðsynlegar eru vegna vatnsveitunnar auk þess sem hægt er að krefjast þess að svæðið skuli girt gripa- og mannheldri girðingu, sem væri minnst 5 m frá vatnsbóli. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram tillögu að legu mannheldrar girðingar umhverfis vatnsbólíð. Ekki er talin þörf á að breyta grannsvæði né fjarsvæði vatnsverndarsvæðis höfuðborgarsvæðisins.

Öryggi á vatnsverndarsvæði

Í framlögðum gögnum kemur fram að víðtækar öryggisreglur eru viðhafðar vegna umgengni á vatnsverndarsvæðum höfuðborgarsvæðisins. Tilgangur þeirra er að fyrirbyggja óhöpp og/eða að draga úr óæskilegum áhrifum af völdum óhappa. Samkvæmt reglunum skal verktaki nota hreinar vélar sem eru í góðu ástandi. Hann og verkkaupi hafa eftirlit með að ekki stafi af þeim mengunarhætta, t.d. vegna leka á olíu eða öðrum efnum. Óheimilt er að framkvæma viðgerðir á vélum á svæðinu, sem valdið geta mengun. Áfylling olíu og eldsneytis skal framkvæma utan verndarsvæða. Einnig skulu öll tæki sem notuð eru á svæðinu vera skoðuð á viðurkenndu verkstæði líkt og gert var vegna borunar tilraunahola. Reglurnar eru settar af vatnsveitum höfuðborgarsvæðisins í samvinnu við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit og Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þær gilda um verktaka á vegum vatnsveitanna, sem sinna starfsemi innan vatnsverndarsvæðanna og aðra sem erindi eiga inn á vatnsverndarsvæðin með vélar og/eða farm sem spillt geta grunnvatni.

Áhrif vatnstökunnar

Fram kemur að rannsóknarholur voru boraðar á Vatnsendaheiði haustið 2005. Grunnvatnsborð á svæðinu er á rúmlega 50 m dýpi. Vatnsgæfni bergsins var nokkuð misjöfn í einstökum borholum, en vatnsleiðnin jókst mjög á skilum milli grágrýtismyndana á um 70 m dýpi. Út frá dæluprófunum, sem gerðar voru í rannsóknarborholum, hefur verið reiknað áhrifasvæði vatnstöku af svæðinu. Annars vegar miðað við 100 l/s og hins vegar 200 l/s. Niðurstöður þeirra útreikninga benda til þess að óhætt sé að taka 100 l/s, en áhrifasvæðið stækkar umtalsvert við 200 l/s vatnstöku. Við útreikninga á hugsanlegum áhrifum á önnur vatnstökusvæði var stuðst við grunnvatnslíkan og er niðurstaðan sú að áhrifa muni ekki gæta á nálægum vatnstökusvæðum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt

Kópavogsbær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Skipulagsnefnd Garðabæjar og Umhverfisstofnun telja umhverfisáhrif framkvæmdarinnar ekki verða umtalsverð og að framkvæmdin skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á vatnafar

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að gera þurfi frekari grein fyrir því hvort líkur eru á að fyrirhuguð vatnstaka gæti haft neikvæð áhrif á vatnsbúskap Elliðavatns og Elliðaáa. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis kemur fram að fyrirhuguð vatnstaka muni ekki auka heildarvatnstöku á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að samkvæmt útreikningum í grunnvatnslíkani fyrir vatnasvið svæðisins hafi umrædd vatnstaka lítil áhrif á vatnsbúskap Elliðavatns og Elliðaáa. Áfram verði talsvert rennsli grunnvatns til vatnsins frá Vatnsendaheiði þrátt fyrir 100 l/s dælingu, sem minnkar þó eitthvað við 200 l/sek dælingu. Meðalrennsli Elliðaáa sé um 4,8 m³/sek og rúmur helmingur þess vatns komi með ám sem renna í vatnið en hinn hlutinn úr uppsprettum í vatninu sjálfu, einkum við austan og suðaustanvert vatnið. Á það er bent að ekki er um beina aukningu á vatnstöku að ræða, heldur mun vatnstaka á Vatnsendaheiði leiða til minni vatnstöku annars staðar á vatnasviði Elliðavatns, við Gvendarbrunna eða Vatnsendakrika.

Eignarhald á landi

Í umsögn Reykjavíkurborgar eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við framkvæmdina og talið að þessi einstaka framkvæmd hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Engu að síður bendir Reykjavíkurborg á að samkvæmt eignarnámi sem fram fór á grundvelli laga nr. 57/1942 hafi Reykjavíkurborg tekið hluta af landi jarðarinnar Vatnsenda eignarnámi. Þar á meðal um 30 ha spilda norðan og austan Arnarbælis. Sú spilda hafi ekki verið afmörkuð og girt.

Reykjavíkurborg sé einnig eigandi að landi sunnan væntanlegs vatnstökusvæðis og kvaðir um vatnsvernd verði ekki settar á eignarland Reykjavíkurborgar án samráðs og samkomulags þar um.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða borun 8 vinnsluhola og dælingu um 4,4 milljónum m³ af vatni á ári úr þeim, byggingu stöðvarhúss og vatnsgeymis og lagningu um 1,7 km langrar vatnslagnar frá nýjum vatnsgeymi við Vatnsendakrika að miðlunargeymi við Vatnsendahverfi í Kópavogi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2 c iv og 10 j í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að gerð hafi verið grein fyrir áhrifum fyrirhugaðrar vatnstöku á grunnvatn og að hún muni hvorki hafa veruleg sammögnunaráhrif á vatnstöku sem fyrir er á vatnsverndarsvæðinu, né hættu á mengun grunnvatns sbr. 1. tl. 3. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Um óverulega aukningu í vatnsvinnslu verður að ræða þar sem vatnsvinnsla Orkuveitu Reykjavíkur mun minnka sem nemur núverandi sölu á vatni til Kópavogs. Á vinnslusvæðinu gilda strangar umgengnisreglur, settar af vatnsveitum höfuðborgarsvæðisins í samráði við hlutaðeigandi heilbrigðiseftirlit, sem framkvæmdaraðili mun fylgja eftir með virku eftirliti. Í ljósi þess sem fyrir liggur um takmörkuð umhverfisáhrif þeirrar vatnstöku sem hér er til umfjöllunar er ekki tilefni til

að ætla að framkvæmdin sé líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif ein og sér. Skipulagsstofnun telur að við framkvæmdirnar sé brýnt að óþarfa rask verði ekki á svæðinu. Sýnt hefur verið fram á að framkvæmdin sé ekki líkleg til að hafa veruleg áhrif á gróður sem ekki sé hægt að bæta með fyrirhuguðum vinnubrögðum við frágang.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð vatnsveitu á Vatnsendaheiði í Kópavogi, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdirnar eru háðar leyfum Kópavogsbæjar skv. skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997. Áður en leyfi er veitt þarf að ganga frá breytingu á Aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 vegna nýrrar stofnæðar, vatnsgeymis og stöðvarhúss. Einnig þarf að breyta svæðisskipulaginu "Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu" (staðf. 5.2.1999) vegna nýs brunnsvæðis. Áður en byggingarleyfi fyrir stöðvarhúsi og vatnsgeymi er veitt þarf að ganga frá deiliskipulagi af því svæði. Framkvæmdirnar eru háðar starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 og samkvæmt samþykkt nr. 636/1997 er gildir um verndarsvæði ofangreindra vatnsbóla.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. júní 2006.

Sigurður Ásbjörnsson

Þóroddur F. Þóroddsson

Afrit: Kópavogsbær, Garðabær, Reykjavíkurborg, Fornleifavernd ríkisins, Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði Höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, umhverfisráðuneytið og Umhverfisstofnun.